



## Fundargerð 10. fundar stjórnar SSA 12. mars 2019

Fundurinn hófst kl. 11:00 í húsnæði Austurbrúar á Reyðarfirði.

Boðið var upp á léttan hádegisverð. Mætt voru Einar Már Sigurðarson formaður, Gunnar Jónsson, Hildur Þórisdóttir (í síma) Þorbjörg Sandhold (sem varamaður Gauta Jóhannessonar), Pálína Margeirsdóttir, Sigríður Bragadóttir (í síma) og Stefán Bogi Sveinsson (í síma). Jóna Árný Þórðardóttir skrifaði fundargerð.

Stefán Bogi Sveinsson sat lið 1, 2, 3.1.1. , 5 og 6 en þurfti síðan að hverfa af fundinum.

Formaður setti fundinn og var gengið til eftfarandi dagskrár: Þorbjörg var boðin sérstaklega velkominn af fundarmönnum en þetta er hennar fyrsti stjórnarfundur.

### 1. Fundargerðir, erindi og ályktanir.

- 1.1 Fundargerð frá 9. fundi stjórnar SSA 2018-2019 lögð fram til staðfestingar.
- 1.2 Fundargerðir frá 6. fundi framkvæmdaráðs SSA lögð fram til kynningar.
- 1.3 Fundargerðir stjórnar SSS (nr. 741), SASS (543), Eyþings (317), SSV (143), SSVN (42) og SSH (467).
- 1.4 Fundargerðir 867. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga 22. febrúar 2019.
- 1.5 Fundargerðir 146. og 147. funda Heilbrigðisnefndar Austurlands 24. janúar 2019 og 12. febrúar 2019.
- 1.6 Fundargerð aukaaðalfundar SSA
- 1.7 Fundargerð aukaársfundar Austurbrúar ses.
- 1.8 Boð á ársþing SSVN 2019
- 1.9 Skýrsla Breiðdalsseturs vegna 2018

### 2. Samband Íslenskra Sveitarfélaga

- 2.1 Á fundinn er boðaður skv. samþykktum SSA fulltrúi Norðausturkjördæmis í stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga, Jón Björn Hákonarson

### 3. Innra starf SSA

- 3.1 Sóknaráætlun.
  - 3.1.1 Endurskoðun sóknaráætlunar og samráðsvettvangur.
  - 3.1.2 Skipan úthlutunarnefndar og fagraða að vori. Umræða um greiðslur til úthlutunarnefnda og fagraða.
- 3.2 SvAust
  - 3.2.1 Fundargerð frá 26. febrúar 2019.
  - 3.2.2 Skipan stjórnar.
- 3.3. Aðalfundur
  - 3.3.1 Dagsetning og fyrirkomulag aðalfundar.
  - 3.3.2 Ársreikningur og fjárhagsáætlun
- 3.4 Samstarf SSA og Austurbrúar.
- 3.5 Sértek verkefni sóknaráætlanasvæða.
- 3.6 Svæðisskipulag Austurlands

### 4. Brothættar byggðir á Borgarfirði.

- 4.1 Skipan í verkefnastjórn f.h. SSA
- 4.2 Alda Marín Kristinsdóttir verkefnastjóri segir frá verkefninu.

5. **Náttúruvernd og efling byggða.**
6. **Fjallskilanevnd**
  - 6.1 Endurskoðuð fjallskilasamþykkt starfssvæðis SSA (áður Fjallskilasamþykkt Múlasýslna).
7. **Önnur mál**

\*\*\*

## **1. Fundargerðir, erindi og ályktanir.**

- 1.1. Fundargerð frá 9. fundi stjórnar SSA 2018-2019 lögð fram til staðfestingar.
- 1.2. Fundargerðir frá 6. fundi framkvæmdaráðs SSA lögð fram til kynningar.
- 1.3. Fundargerðir stjórnar SSS (nr. 741), SASS (543), Eyþings (317), SSV (143), SSVN (42) og SSH (467) lagðar fram til kynningar.
- 1.4. Fundargerðir 867. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga 22. febrúar 2019 lögð fram til kynningar.
- 1.5. Fundargerðir 146. og 147. funda Heilbrigðisnefndar Austurlands 24. janúar 2019 og 12. febrúar 2019 lögð fram til kynningar.
- 1.6. Fundargerð aukaaðalfundar SSA lögð fram til kynningar.
- 1.7. Fundargerð aukaársfundar Austurbrúar ses lögð fram til kynningar.
- 1.8. Boð á ársþing SSVN 2019 lagt fram til kynningar.
- 1.9. Skýrsla Breiðdalseturs vegna 2018 lögð fram til kynningar.

## **2. Samband Íslenskra Sveitarfélaga**

- 2.1. Á fundinn er boðaður skv. samþykktum SSA fulltrúi Norðausturkjördæmis í stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga, Jón Björn Hákonarson.  
JBH fór yfir verkefni sem unnið er að á vettvangi stjórnar sambands íslenskra sveitarfélaga. Verið er á vettvangi stjórnar sambandsins að vinna að mönnun nefnda og starfshópa. Nú er einnig verið að vinna að verkefnum sem tengjast byggðaáætlun. Kjaramál er umfangsmikið verkefni hjá sambandinu og nú er beðið eftir niðurstöðu almenna markaðarins í kjarasamningum. Mikið er einnig verið að ræða húsnæðisliðinn í kjarasamningnum og áhrif hans á sveitarfélögin. Nauðsynlegt er að taka áfram umræðu um tekjuskiptingu ríkis- og sveitarfélaga því sveitarfélögin koma að mjög mörgum verkefnum og ákall um að þau komi að enn fleiri verkefnum. JBH situr einnig í starfshópi um framtíðarhlutverk landshlutasamtakanna og fór hann yfir stöðuna í starfshópnum og verður fundur með fulltrúum hópsins á fundi landshlutasamtakanna í lok mars í Reykjavík. JBH tók sæti í CRM nefnd sem er samstarfsverkefni sveitastjórna í Evrópu og er þar fundað tvisvar á ári. JBH segir áhugavert að hlusta á hvernig þessi evrópsku sveitarfélög eru að nálgast málin. JBH

hvetur SSA að hafa samband við sig ef það eru einhver málefni sem sambandið vill fá umræðu um.

### **3. Innra starf SSA**

#### 3.1. Sóknaráætlun.

##### 3.1.1. Endurskoðun sóknaráætlunar og samráðsvettvangur.

Ýmis gögn lögð fram til kynningar. Stjórn felur verkefnastjóra að vinna áfram að málinu í samræmi við umræðu á fundinum og kalla eftir frekari upplýsingum.

##### 3.1.2. Skipan úthlutunarnefndar og fagráða að vori. Umræða um greiðslur til úthlutunarnefnda og fagráða.

Stjórn felur verkefnastjóra að kanna hug nefndarmanna til áframhaldandi setu í úthlutunarnefnd og fagráðum. Einnig felur stjórn verkefnastjóra að kanna með hvaða hætti er greitt fyrir nefndarsetur meðal annarra landshlutasamtaka.

#### 3.2 SvAust

##### 3.2.1 Fundargerð frá 26. febrúar 2019.

Formaður kynnti það starf sem unnið er að innan stjórnar SV-Aust.

##### 3.2.2 Skipan stjórnar.

Formaður upplýsti um að Jóney Jónsdóttir myndi sitja áfram sem fulltrúi SSA í stjórn SV-Aust framá vorið.

#### 3.3 Aðalfundur

##### 3.3.1 Dagsetning og fyrirkomulag aðalfundar.

Framkvæmdaráði er falið að vinna áfram að undirbúningi aðalfundar sem fer fram 7. maí 2019.

##### 3.3.2 Ársreikningur og fjárhagsáætlun

JÁÞ fór yfir stöðuna á fjárhag SSA miðað við drög að uppgjöri byggðu á bókhaldi ársins 2018.

#### 3.4 Samstarf SSA og Austurbrúar.

Formaður fór yfir verkefnin sem verið að vinna að.

#### 3.5 Sértek verkefni sóknaráætlanasvæða.

Verkefnastjóri fór yfir umsóknirnar og áherslurnar í þeim. Stjórn felur verkefnastjóra að senda inn umsóknirnar fyrir lok umsóknarfrests.

#### 3.6 Svæðisskipulag Austurlands

Framkvæmdaráði falið að vinna málið áfram á grundvelli umræðu á fundinum.

### **4 Brothættar byggðir á Borgarfirði.**

#### 3.1 Skipan í verkefnastjórn f.h. SSA

Stjórn felur framkvæmdaráði að tilnefna fulltrúa í verkefnastjórn.

#### 3.2 Alda Marín Kristinsdóttir verkefnastjóri segir frá verkefninu.

Frestað til næsta fundar.

### **5 Náttúruvernd og efling byggða.**

Stjórn felur verkefnastjóra og formanni að ganga frá umsóknum til ráðuneytisins.

## 6 Fjallskilanefnd

6.1 Endurskoðuð fjallskilasamþykkt starfssvæðis SSA (áður Fjallskilasamþykkt Múlasýslna).

Stjórn samþykkir að fela verkefnastjóra að senda endurskoðaða samþykkt út til samþykktar eða ábendinga hjá sveitarfélögum á starfssvæði SSA.

## 7 Önnur mál

- Formaður kynnti eftirfarandi bókun er gerð var á fundi hreppsnefndar þann 4. mars 2019 í sveitastjórn Borgarfjarðarhrepps.

Á fundi hreppsnefndar þann 4. mars 2019 var eftirfarandi bókun gerð.

Aukaaðalfundur SSA 20.02.2019, lögð fram til kynningar.

*Í ljósi fyrirhugaðra breytinga á stjórnarfyrikomulagi SSA og samstarfi við Austurbrú telur hreppsnefnd Borgarfjarðarhrepps eðlilegt að starf framkvæmdastjóra Austurbrúar verði auglýst laust til umsóknar.*

- Formaður minnti á að Sigrún Björk Jakobsdóttir framkvæmdastjóri Flugvallasviðs Isavia muni mæta á fund hjá stjórn Austurbrúar kl. 15:00 í beinu framhaldi af stjórnarfundi SSA. Stjórnarmönnum SSA sem hafa áhuga á að sitja þann fundarlið eru hvattir til að nýta tækifærið og taka þátt í umræðum um flugvallarmálin.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 14:40

\_\_\_\_\_

Einar Már Sigurðarson

\_\_\_\_\_

Gunnar Jónsson

\_\_\_\_\_

Hildur Þórisdóttir

\_\_\_\_\_

Þorbjörg Sandholt

\_\_\_\_\_

Pálína Margeirsdóttir

\_\_\_\_\_

Sigríður Bragadóttir

\_\_\_\_\_

Stefán Bogi Sveinsson